

Fundargerð 220. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. haldinn
1. október 2025, kl. 12.00 á Teams.

Mætt:

Salóme Guðmundsdóttir, stjórnarformaður
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Einar Gunnar Thoroddsen, stjórnarmaður,
Guðmundur Daði Rúnarsson, stjórnarmaður,
Guðný Birna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Bryndís Lúðvíksdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð,
Elín Guðnadóttir, yfirverkefnastjóri Kadeco, kom inn á fundinn undir lið 4,
Samúel Pétursson, þróunarstjóri Kadeco, kom inn á fundinn undir lið 3,
Helga Hlín Hákonardóttir frá Strategíu, kom inn á fundinn undir lið 2

1. *Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og skuldbindingar félagsins*

Framkvæmdastjóri lagði fram mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og skuldbindingar sem liggja inni á stjórnargátt félagsins.

Umræður um byggingaréttargjöld, greiðslur og tímasetningar.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

2. *Verkefnalýsing og kostnaðaráætlun vegna áhættustefnu*

Helga Hlín Hákonardóttir ráðgjafi frá Strategíu kynnti verkefnalýsingu og kostnaðaráætlun vegna mótunar áhættustefnu Kadeco og K64.

Máli frestað.

3. *Stefna um skipulagsgerð og ráðstöfun lóðarréttinda – til samþykktar*

Framkvæmdastjóri fór yfir stefnu um skipulagsgerð og ráðstöfun lóðarréttinda.

Samúel Torfi Pétursson þróunarstjóri kom á fundinn undir þessum lið.

Stjórn samþykkti stefnuna með þeim athugasemdum sem komu fram.

4. *Lóð í Bergvík*

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að samningaviðræðum við lóðarhafa í Bergvík.

Elín Guðnadóttir yfirverkefnastjóri kom á fundinn undir þessum lið.

Stjórn samþykkti tillöguna og fól framkvæmdastjóra að taka málið áfram.

5. *Umfjöllun um lóðamál*

Framkvæmdastjóri greindi frá almennri og fjölmiðlaumfjöllun um félagið á undanförunum vikum.

Stjórn þakkaði fyrir upplýsingarnar að loknum umræðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.03